

Nd.

45. Frumvarp

til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Sigurður Gunnarsson.

1. gr.

Ef þjóðjörð eða kirkjujörð, er seld hefir verið eða seld kann að verða ábúanda samkvæmt lögum nr. 30, frá 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50, frá 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, og lögum nr. 51, frá 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, gengur úr sjálfsábúð, en hvorki leiguliði eða hlutaðeigandi sveitarfjelag vill nota kauparjett sinn, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett að henni.

Sama forkaupsrjett hefir landssjóður á þeim jörðum, er seldar hafa verið eftir sjerstökum lögum, og á öllum öðrum jörðum, er ganga kaupum og solum.

2. gr.

Nú tilkynnir eigandi eða annar fyrir hans hönd landsstjórninni, að jörð sje til sölu eða sje gengin úr sjálfsábúð samkvæmt 1. gr., og skal landsstjórnin hafa tilkynt hlutaðeiganda innan tveggja mánaða, hvort hún vill að landssjóður neyti kauparjettar síns. Sje svar hennar játandi, gerir hún jafnframt ráðstafanir til að mat fari fram, samkvæmt lögunum um sölu þjóðjarða, og sölu kirkjujarða, svo fljótt, sem landsstjórnin álitur gerlegt, og skal kaupverðið venjulega bygt á því mati. Landssjóður kostar matið.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að kaupa til handa landssjóði jarðir þær, er ræðir um í lögum þessum, venjulega fyrir það verð, er matsmenn gera, (samb. 2. gr.), ella fyrir annað hæfilegt verð, að fengnum upplýsingum kunnugra manna. Kaupverðið greiðist, ef um seldar þjóðjarðir eða kirkjujarðir er að ræða, úr sjóðum þeim, er andvirði jarðanna áður hafði runnið í, en ella greiðist það úr landssjóði.

Stjórnarráðið gerir nauðsynlegar ráðstafanir um byggingu jarðanna. En um umráð þeirra fer síðan svo sem lög nr. 30, frá 20. okt. 1913 mæla fyrir um.

Afgjald jarðanna að frádregnum umboðslaunum rennur í sjóð þann, er verð þeirra var greitt úr.

4. gr.

Ef jörð er seld öðrum en ábúanda eða sveitarfelaginu, án þess að landsstjórninni hafi verið gert viðvart samkvæmt 1. gr., er landsstjórninni heimilt að rifta sölunni og kaupa fyrir sama verð og jörðin var þá síðast seld fyrir.